

Fjarðabyggð 2010-2014

Atvinnu og menningarnefnd Fjarðabyggðar

Samantekt vegna stefnumörkunar í atvinnumálum, ferðaþjónustu, kynningar og
markaðsmálum

Stefnumörkun í atvinnumálum, ferðapjónustu, kynninga og markaðsmálum fyrir fjarðabyggð 2011-2014	3
Samantekt	3
Atvinnumál í Fjarðabyggð	4
Hlutverk.....	5
Markmið	6
Framtíðarsýn	6
Aðgerðaráætlun	6
Ferðapjónusta í Fjarðabyggð	7
Hlutverk.....	8
Verkefni.....	8
Markmið	8
Aðgerðaáætlun	9
Grunngerð	9
Náttúra og menning	9
Gisti- og veitingastaðir.....	9
Afþreying.....	10
Kynningarmál	10
Verslun og þjónusta.....	10
Kynningar og markaðsmál í Fjarðabyggð	11
Hlutverk.....	12
Verkefni og næstu aðgerðir	12
Heimasíða.....	13
Markhópar.....	13
Dreifileiðir.....	13

STEFNUMÖRKUN Í ATVINNUMÁLUM, FERÐAÞJÓNUSTU, KYNNINGA OG MARKAÐSMÁLUM FYRIR FJARÐABYGGÐ 2011-2014

SAMANTEKT

Að loknum kosningum vorið 2010 var farið í ýmsar breytingar á skipulagi og verkefnum fastanefnda sveitarfélagsins. Eín breytingin var að stofna nýja fastanefnd sem fékk heitið atvinnu- og menningarnefnd. Nefndin er skipuð 5 aðalmönnum og 5 til vara og fer samkvæmt samþykktum einnig með málefni ferðaþjónustu auk kynningar og markaðsmála. Fjótlega eftir að ný nefnd tók til starfa var ákveðið að setja á laggirnar starfshópa sem færu með undirbúning stefnumörkunar á sviði

- Atvinnuþróunar
- Kynningar- og markaðsmála
- Ferðaþjónustu

Starfshóparnir voru kallaðir saman samkvæmt erindisbréfi (sjá viðauka) þar sem verkefni hvers hóps voru skilgreind. Eftir að vinnu hópanna lauk hittist nefndin á vinnufundi þar sem farið var yfir skýrslur starfshópanna og hugarflugskort notað til þess að fá fram þær hugmyndir og leiðir sem allir gátu verið sammála um að væru bestar og ákjósanlegastar fyrir sveitafélagið. Notast var við hugmyndafræði “air opera”. Eftirfarandi eru greiningar á núverandi stöðu, lagðar fram stefnur, markmið og hvernig standa skuli að innleiðingu fyrir atvinnumál, kynningarmál og ferðaþjónustu í Fjarðabyggð. Einnig er hægt að nálgast skýrsluna með viðaukum og ítarefni auk fundargerða frá fyrrgreindum starfshópum. Í sérstökum viðauka má einnig finna ítarlega skýrslu fyrir ferðaþjónustu þar sem farið er dýpra í leiðir að innleiðingu stefnunnar.

ATVINNUMÁL Í FJARÐABYGGÐ

Eitt helsta viðfangsefni og jafnframt umhugsunarefni sveitarfélagsins er að skilgreina hvert hlutverk þess á að vera í atvinnuþróunarmálum og hver framtíðarsýnin eigi að vera. Hingað til hefur hlutverk sveitarfélagsins ekki verið skilgreint sem slíkt og því ekki auðvelt að benda á hvar eða hver ber ábyrgð á ýmsum þáttum sem snúa að atvinnuuppbyggingu. Ekkert er til í lögum um hvert hlutverk sveitarfélaga á að vera þannig að ákveðið var að innleiða atvinnustefnu sem studd yrði af markmiðum um ásættanlegan árangur á þessu sviði. Atvinnu- og menningarnefnd er falið að bera ábyrgð á samskiptum við aðila atvinnulífsins, þróunarfélag Austurlands, atvinnuþróunarsjóð, Nýsköpunarmiðstöð, markaðsstofu og aðra hagsmunaaðila.

Í Fjarðabyggð eru ýmsar auðlindir bæði í umhverfi og samfélagi sem atvinnulífið byggist á. Bæirnir í Fjarðabyggð hafa á sér ímynd bæði einkaframtaks og samfélagsvitundar og hafa skilað öflugum fyrirtækjum, mikilvægum samfélagsstofnunum, fjölbreytni í atvinnulífi og samheldnum samfélögum.

Í stefnuvinnunni var ákveðið að horfa á atvinnumál út frá þeim atvinnugreinum sem stundaðar eru í sveitarfélaginu og gerð var svokölluð SVÓT greining sem tók á innra og ytra umhverfi í atvinnumálum og stefnan síðan mótuð í framhaldi af því. (sjá viðauka I)


Allar helstu atvinnugreinar í Fjarðabyggð voru skoðaðar í greiningarvinnunni, en þær eru:

- Sjávarútvegur
- Iðnaður
- Verslun og þjónusta
- Samgöngur og flutningar
- Þekking og menntun
- Sértek ferðaþjónusta
- Landbúnaður

Hlutverk Fjarðabyggðar í atvinnumálum er skilgreint :

- Á sviði upplýsinga, regluramma og stuðnings fyrir fyrirtæki.
- Að skilgreina stoðstofnanir og hagsmunaaðila sem hafa skal samskipti við.
- Að taka þátt í að skapa aðbúnað fyrir frumkvöðla og nýsköpun og taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins með því að leiða saman aðila þvert á atvinnugreinar með aukna þróun að leiðarljósi.

(hugarflugskort unnið af nefndinni uppúr tillögum starfshóps)



HLUTVERK

Leiða saman hagsmunaaðila

Fjarðabyggð verði leiðandi í samskiptum og samvinnu milli fyrirtækja með reglulegum fundum við hagsmunaaðila atvinnulífisins, íbúasamtök og stöðstofnanir.

Fjarðabyggð verði leiðandi í samskiptum og samvinnu milli rannsóknastofnana, Þekkingarnets Austurlands, Verkmennta-skóla Austurlands, hins opinbera og fyrirtækja með það að leiðarljósi að efla fjölbreytni og þróun atvinnulífisins og auka atvinnustig.

Stuðningur við fyrirtæki og fumkvöðla

Sveitarfélagið skapi umgjörð um nýsköpun og hvetji til framfara í atvinnuþróun með því að sjá til þess að aðstaða sé til staðar í sveitarfélaginu.

Fjarðabyggð verði bakhjarl frumkvöðla og nýsköpunar með því að vera aðilar að Þróunarfélagi Austurlands, Atvinnuþróunarsjóði og Markaðsstofu Austurlands. Megináhersla næstu tveggja ára verði lögð á atvinnusköpun til að efla fjölbreytileika starfa.

Fjölga fjölbreyttum störfum

Fjarðabyggð verði leiðandi í samskiptum og samvinnu milli rannsóknastofnana, Þekkingarnets Austurlands, Verkmennta-skóla Austurlands, hins opinbera og fyrirtækja með það að leiðarljósi að efla fjölbreytni og þróun atvinnulífisins og auka atvinnustig.

Aðhald við ríkisvaldið

Fjarðabyggð mun standa með atvinnulífi í Fjarðabyggð og veita ríkisvaldinu aðhald ef að niðurskurður í opinberum rekstri eða breytingar á umgjörð mikilvægra atvinnuvega ógnar atvinnulífinu.

MARKMIÐ

- Fjölbreyttari störf
- Fleiri fjarvinnslustörf
- Aukin samvinna við skólasamfélagið
- Kynna Fjarðabyggð sem valkost fyrir fyrirtæki sem vilja gott og traust rekstarumhverfi

FRAMTÍÐARSÝN

Fjölbreytt störf við allra hæfi

AÐGERÐARÁÆTLUN

TILLÖGUR AÐ AÐGERÐÁÆTLUN

- Haldnir verði fundir með stoðstofnunum a.m.k. fjórum sinnum á ári
- Haldnir verði fundir með hagsmunaaðilum atvinnulífsins a.m.k. einu sinni að vori og einu sinni að hausti
- Vinna að auknum tækifærum til atvinnusköpunar með áherslu á að fjölga störfum við allra hæfi. Unnið í samvinnu við Þróunarfélag Austurlands
- Vinna að auknum tækifærum til atvinnusköpunar með áherslu á þróun og samstarf fyrirtækja. Unnið í samvinnu við Þróunarfélag Austurlands
- Aðstöðu til nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi verði komið upp í samvinnu við stærri fyrirtæki í Fjarðabyggð sbr. Álheima.
- Leitað verði styrkja úr Vaxtarsamningi Austurlands, norðurlandastyrkja og Evrópustyrkja til að efla frumkvöðlauppbyggingu í Fjarðabyggð. Unnið í samstarfi við fyrirtæki og Þróunarfélag Austurlands.
- Allar leiðir til samgöngubóta verði nýttar. Þrýst verði á um vegabætur, einkum á norður og suðurendum sveitarfélagsins og þrýst verði á úrbætur í almenningssamgöngum á svæðinu. Unnið sem hluti af Evrópuverkefni í samstarfi við Þróunarfélag Austurlands.
- Leitað verði leiða til að koma upp aðstöðu þar sem smáfyrirtæki og einyrkjar geti leigt hentugt húsnæði með sameiginlegum fjölnota rýmum, einskonar skrifstofuhótel (setja hóp í að skoða þetta með hagsmunaaðilum)


FERÐAÞJÓNUSTA Í FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð er draumastaður fyrir útivist og hægt er að upplifa rólegt og notalegt umhverfi umvafið fögnum tindum. Fjöllin einkenna svæðið og hafa mikil áhrif á mannlífið. Viðfermt sveitarfélagið býður upp á margt fyrir ferðamenn. Hægt er að velja úr mismunandi afþreyingu eins og gönguferðum, golfi, sund, kajak, siglingum og úrvali fjölbreyttra safna. Verslun og þjónusta er góð og sama gildir um matsölu og gistingu.

Svæðið er eitt mest spennandi göngusvæði Íslands, ekki síst austasti hluti landsins Gerpissvæðið milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. Njóta má kyrrðarinnar, skoða fjölbreytt gróðurfar og fylgjast með fugla og dýralífi. Fólkvangurinn í Norðfirði er þekktur fyrir mikla náttúrufegurð og fjölbreytt fugla- og dýralíf líkt og Hólmanesið milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Stöðvarskarð milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar er skemmtileg gönguleið þar er að finna eitt af náttúruundrum svæðisins Einbúa í Jafnadal, sérstæðir stórir steina sem standa annars í sléttu umhverfi. Þessir staðir ásamt mörgum öðrum í sveitarfélaginu eru frábærir til útivistar. Til eru góð göngukort af svæðinu og hafa ferðafélögin merkt og stikað mikið af leiðum.

Svæðið er ríkt af fjölbreyttri sögu og á henni byggist menning byggðarkjarnanna. Á Fransmanna safninu á Fáskrúðsfirði er saga franskra skútusjómannarakin, á Stríðsárasafninu á Reyðarfirði er gestum veitt innsýn í lífið á Íslandi í kringum seinni heimstyrjöldina, á Sjóminjasafninu á Eskifirði er rakin útgerðasaga, saga verslunar og iðnaðar ásamt fleiru. Safnaflóran er fjölbreytt og má nefna Safnahúsið á Norðfirði sem hefur að geyma Myndlistasafn Tryggva Jónssonar, Náttúrugripasafn Austurlands og Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar, Steinasafn Sörens og Sgurborgar á Eskifirði og svo einn fjölsóttasti ferðamannastaður Austurlands Steinasafn Petru á Stöðvarfirði.

(hugarflugskort unnið af nefndinni uppúr tillögum starfshóps)



HLUTVERK

Skapa góða grunngerð þar sem þjónustuaðilar fá góð skilyrði til uppbyggingar og örvi ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu til framþróunar.

Nýta fjölbreytta náttúruna til eflingar ferðapjónustu.

Kynna sveitarfélagið sem spennandi áfangastað fyrir ferðamenn allt árið með fagmannlegri og markvissri markaðssetningu.

Byggja upp þjónustu í sveitarfélaginu sem yrði góð, áreiðanleg og uppfyllir ýtrustu kröfur ferðamanna.

Skilgreina hagsmuna og samstarfsaðila.

Tillögur að samstarfi:

- Lagt til að Hagsmunasamtök þjónustuaðila verði stofnað með öllum helstu þjónustuaðilum á svæðinu og skapi góðan grundvöll fyrir aðila aðkoma saman að ýmsum málefnum.
- Sveitarfélagið hafi frumkvæði að reglulegum fundum með hagsmunaaðilum í samstarfi við Ferðamálafélag Fjarðabyggðar.
- Ferða- og menningarfulltrúi fundi með menningarfulltrúa Austurlands, ársfjórðungslega. Hvatt til að menningarfulltrúi Austurlands hafi viðveru í Fjarðabyggð í það minnsta fjórum sinnum á ári.
- Ferða- og menningarfulltrúi fundi reglulega og eftir óskum með hagsmunaaðilum í ferðapjónustu.
- Lagt til að haldnir verði fundir með hagsmunaaðilum í ferðapjónustu í hverjum bæ. Þar sem farið verður yfir aðgerðaráætlun og næstu skref í stefnumótuninni. Einnig hvernig hægt sé að efla ferðapjónustu í hverjum bæ nýta styrkleika hvers byggðarkjarna og vinna úr veikleikum ásamt því að vinna að því að finna samnefnara fyrir Fjarðabyggð í heild.

VERKEFNI

- Markviss skilgreining og uppbygging helstu aðráttarafla Fjarðabyggðar
- Áætlun um merkingar og skilti um merka og áhugaverða staði og þjónustu svæðisins gerð.
- Áframhaldandi uppbygging vetrarferðamennsku kringum, snjóinn, skíðin norðurljósin, myrkrið, jólin og hreindýrin í tengslum við Fjarðabyggð Flott í vetur.
- Bætt aðgengi að upplýsingum um þjónustu í Fjarðabyggð á netinu.
- Stofna félag þjónustuaðila í Fjarðabyggð, sem stuðlar að samvinnu og góðum samskiptum á milli ferðapjónustuaðila á svæðinu og athygli vakinn á vaxtarmöguleikum greinarinnar.

MARKMIÐ

- Ferðamenn njóti stórbrotinnar náttúru í afslöppuðu umhverfi og geti notið menningar hvers staðar.
- Svæðið verði kynnt sem útivistarparadís með áherslu á göngu og frábær svæði til útivistar yfir sumartímann og skíðasvæðið yfir vetrartímann

- Lögð verði áhersla á gæði í þjónustu við ferðamenn og í allri uppbyggingu á ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.
- Byggt upp í kringum helstu aðdráttaröfl staðarins til að laða að gesti inná svæðið.
- Yfirskriftin verður friðsæld, afslöppun og upplifun.
- Almenn þjónusta og upplýsingagjöf til ferðamanna aukin.

AÐGERÐAÁÆTLUN

GRUNNGERÐ

Stefna:

Grunngerð sveitarfélagsins skapi þjónustuaðilum góð skilyrði til uppbyggingar og örvi ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu til framþróunar.

Markmið:

1. Traust grunngerð sveitarfélagsins styðji við ferðaþjónustuna.
2. Fyrirkomulag upplýsingagjafar um sveitarfélagið skilvirkt og aðgengi að upplýsingum gott.
3. Mynda gott samstarf ferðaþjónustuaðila.
4. Menntastig í ferðaþjónustu eftt.
5. Nauðsynleg tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu verði tryggð á svæðinu.
6. Þjónusta uppfylli eða sé umfram væntingar ferðamanna um gæði og öryggi.

NÁTTÚRA OG MENNING

Stefna: Að fjölbreytt náttúran og menning verði nýtt til eflingar ferðaþjónustu.

Markmið:

1. Nýta fjöllin í Fjarðabyggð frekar til markaðssetningar.
2. Koma einstakri jarðfræði svæðisins á framfæri.
3. Huga þarf að umhverfisvernd í auknu mæli.
4. Aðgengi að helstu náttúruperlum bætt.
5. Söfnin í Fjarðabyggð nýtist heildstætt í þágu ferðaþjónustunnar.
6. Efla menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu.

GISTI- OG VEITINGASTAÐIR

Stefna: Að orðspor gisti og veitingastaða sé gott og þjónusta fyrir ferðamenn til fyrirmyndar.

Markmið:

1. Auka fjölda gistirýma á svæðinu.
2. Bæta gæði gisti- og veitingastaða.
3. Tjaldsvæðin verði eftirsóttir áningarstaðir.
4. Gisti- og veitingastaðir efla frekari kynningar á sinni starfsemi.

AFÞREYING

Stefna: Að staðið sé á metnaðarfullan hátt að viðburðum og þjónustu ferðamönnum til afþreyingar og að hvort tveggja sé unnið með það í huga að vera til skemmtunar og fræðslu í senn.

Markmið:

1. Gönguleiðir kynntar enn frekar sem og möguleikar svæðisins til útivistar.
2. Vinna að viðburðaferðamennsku.
3. Fjölgun á skipulögðum ferðum um svæðið.
4. Sundlaugar og íþróttamannvirki kynnt til afþreyingar fyrir ferðamenn.

KYNNINGARMÁL

Stefna: Kynna Fjarðabyggð sem spennandi áfangastað í ferðaþjónustu á Íslandi.

Markmið:

1. Efla ímynd Fjarðabyggðar sem góðan stað fyrir ferðamenn.
2. Vinna að heildarkynningu á því sem er í boði fyrir ferðamenn á svæðinu.
3. Upplýsingar um ferðaþjónustu í Fjarðabyggð séu aðgengilegar á netinu.
4. Draga fram perlur Fjarðabyggðar.
5. Miða markaðssetningu við markhópinn.
6. Upplýsinga- og markaðsstarf svæðisins aukið.

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Stefna: Að þjónusta sveitarfélagsins og fyrirtækja verði góð og áreiðanlega og uppfylli ýrtruðu kröfur ferðamanna.

Markmið:

1. Starfsfólk sem starfar við þjónustu sé almennt vel upplýst.
2. Grunnþjónusta í sveitarfélaginu aðgengileg fyrir ferðamenn.
3. Verslunar og þjónustuaðilar sýni samstöðu.
4. Þjónusta sé umfram væntingar ferðamanna.


KYNNINGAR OG MARKAÐSMÁL Í FJARÐABYGGÐ

Að mörgum góðum verkum hefur verið unnið í kynningar- og markaðsmálum Fjarðabyggðar. Engu að síður er ljóst að enn er að mörgu að hyggja og ýmsu þarf að ráða bót á. Er þar helst um að ræða grundvallarþætti, t.d. að klára formlega starfslýsing upplýsingafulltrúa og finna honum viðeigandi stað í skipuriti. Ens og gefur að skilja skiptir miklu máli að skýr lýsing sé til á starfi upplýsingafulltrúa. Ekki er aðeins nauðsynlegt fyrir hann að hafa stafssvið sitt skýrt mótað heldur skiptir það annað starfsfólk Fjarðabyggðar miklu máli, sem og allt tengslanet upplýsingafulltrúa.

Nú stendur sveitarfélagið á ákveðnum tímamótum. Uppbyggingu við álver og afleidda starfsemi er að mestu lokið og framundan eru annars konar verkefni en þau sem unnið hefur verið að síðustu ár. Þessi breyting kemur óhjákvæmilega til með að hafa áhrif á störf upplýsingafulltrúa. Búast má við að minna verði nú leitað til hans af fjölmiðlafólki um upplýsingar og því reyni á frumkvæði hans og áræðni við að kynna og markaðssetja sveitarfélagið. Er því um að ræða ákveðna grundvallarbreytingu á starfinu og hefur verið rætt að nú sé góður tímapunktur til að fullklára formlega starfslýsingu með þessa þróun starfsins að leiðarljósi. Er því lagt til að starfsheiti upplýsingafulltrúa verði breytt í kynningarfulltrúa.

Framundan eru stór verkefni í kynningu og markaðssetningu Fjarðabyggðar. Þar sem fjárhagsstaða sveitarfélagsins er verri en áður og augljóst að fjármagn verður af skörum skammti næstu misseri er rétt að hafa í huga að með nútímatækni og góðu tengslaneti er mögulegt að áorka miklu í kynningar- og markaðsmálum sveitarfélagsins þrátt fyrir þengri kost.

(hugarflugskort unnið af nefndinni uppúr tillögum starfshóps)



HLUTVERK

Hlutverk Fjarðabyggðar í kynningar og markaðsmálum á að vera að:

- Skapa góða ímynd
- Segja frá því sem er um að vera í Fjarðabyggð
- Upplýsa íbúa um mismunandi málefni sem snerta þá (íbúagátt)
- Stefnumótandi

VERKEFNI OG NÆSTU AÐGERÐIR

Staðsetning kynningar-/upplýsingafulltrúa á skipuriti Fjarðabyggðar

Eins og að framan kemur er talið mikilvægt að staðsetning upplýsinga/ kynningafulltrúa sveitarfélagsins sé þvert á skipurit þess þar sem kynningar og markaðsmál koma við allar deildir og rekstur Fjarðabyggðar. Tengsl kynningafulltrúa og upplýsingar frá deildum og á milli aðila eru því mjög mikilvægar.

Verkefni upplýsingafulltrúa

Alhliða kynning og markaðssetning á sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Verkefnin eru fjölmörg en helst má nefna: umsjón vefsíðu sveitarfélagsins, samskipti við fjölmiðla, uppbyggingu tengslanets, umsjón samfélagsmiðla (Facebook, Twitter o.fl.), umsjón útgáfu alls kynningarefnis, auglýsinga o.fl.

Merkingar

Kom þarf upp stórum merkingum við innkomur í sveitarfélagið og minni merkjum við hvern byggðarkjarna. Ljúka þarf uppsetningu á merkingum stofnana sveitarfélagsins með samskonar merkjum og hingað til hafa verið notuð. Áfram þarf að vinna að þjónustuskiltum fyrir hvern bæjarkjarna. Gæta þarf sérstaklega að merkingum fyrir þjónustu fyrir ferðamenn, tjaldstæði og sundlaugar.

Fréttaflokkur

Mikilvægt er að stuðla að jákvæðum fréttaflokkum um sveitarfélagið. Birta þær fréttir sem vilji er til að birtist í öðrum miðlum á vefsíðu, í fréttabréfum og fréttatilkynningum. Leitast eftir að koma umfjöllun að í dægurmálalátum í útvarpi og sjónvarpi. Bregðast þarf við rangfærslum um leið og þær birtast, helst í sama miðli og á vefsíðu sveitarfélagsins. Upplýsingafulltrúi leiti til þess sem ber ábyrgð á viðeigandi málaflokki um viðbrögð við umfjöllun. Nauðsynlegt er að sveitarfélagið sé áskrifandi að fjölmiðlavöktun.

Samfélagsmiðlar

Sveitarfélagið þarf að vera meðvitað um mikilvægi samfélagsmiðla (Facebook, Twitter o.fl.) og nýta þá margvíslegu möguleika sem felast í notkun þeirra við kynningu og markaðssetningu. Fjarðabyggð haldi úti síðum á vinsælustu samfélagsmiðlum hvers tíma, auðkenndar með merki sveitarfélagsins og stýrt af upplýsingafulltrúa. Sðurnar séu lifandi, uppfærðar mjög reglulega, birti fréttir af heimasíðu, skoðanakannanir o.p.h. sem hvetur til gagnvirkni og lesturs.

Tengslanet

Upplýsingafulltrúi byggji upp persónuleg tengsl og leggi rækt við sambönd og samskipti við íbúasamtök, þjónustuaðila, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu annars vegar og fjölmiðlafólk, áttahagafélög og aðra hagsmunaaðila utan sveitarfélagsins hins vegar.

Upplýsingastefna

Fjarðabyggð býi til einfalda og skýra stefnu í upplýsingamálum en engin slík hefur verið samin fyrir sveitarfélagið.

Kynning fjölkjarna sveitarfélags

Kynna ber sveitarfélagið Fjarðabyggð sem eina samstæða heild. Ekki er síður mikilvægt að leyfa hverjum byggðarkjarna að njóta sín og sinnar sérstöðu og kynna hana fyrir ferðamönnum og hugsanlegum framtíðaríbúum.

HEIMASÍÐA

Vefsíða Fjarðabyggðar

Nauðsynlegt er að ráðast í sérstaka stefnumótun fyrir vefsíðuna enda er hún ein og sér stærsta tæki upplýsingafulltrúa og helsta tenging sveitarfélagsins við íbúa, fjölmiðla og aðra notendur. Á síðunni leynist margs konar gott efni sem er illa aðgengilegt. Veftré þarf að skoða frá grunni, einfalda og endurraða. Það sama á við aðra þætti sem snúa að uppröðun, leit og birtingu efnis. Leggja skal áherslu lifandi vefsíðu, mjög reglulegar uppfærslur og fjölbreytt efni sem er ódýrt í framleiðslu, s.s. myndbönd og hlaðvarp. Einnig má efla tengsl sveitarfélagsins við íbúa með því að bjóða upp á netsamtal við þjónustufulltrúa og bæjarstjóra á vefsíðunni.

Viðburðadagatal

Byggja þarf upp virkt og áreiðanlegt viðburðadagatal á vefsíðu Fjarðabyggðar. Allir notendur ættu að geta skráð viðburð í dagatalið sem upplýsingafulltrúi þarf að samþykkja til að birtist. Birting viðburða eftir byggðarkjörnum ætti að vera möguleg.

MARKHÓPAR

Kynningar- og markaðsstarf Fjarðabyggðar taki mið af þremur megin markhópum:

- a) íbúum Fjarðabyggðar,
- b) mögulegum nýjum íbúum og
- c) ferðamönnum.

Þarfir þessara markhópa skarast að ákveðnu leyti en eru að mestu mjög ólíkar.

DREIFILEIÐIR

- Vefsíða
- Fjölmiðlar
- Samfélagsmiðlar
- Tengslanet
- Bæklingar